

## Yfirlit yfir breytingar á keppnisreglum WKF sem taka gildi 1 janúar 2017

Þetta er létt samantekt (lausleg þýðing), ef misræmi er á milli yfirlits og wkf reglna, gilda reglurnar.

| Nr                   | Breyting   | Regla nr.                            |
|----------------------|--|--------------------------------------|
| <b>KUMITE REGLUR</b> |  |                                      |
| 1                    | Keppendur mega ekki vera með belti sem nær neðar en 3/4 af lærinu.   | Art.2 – contestants nr.1             |
| 2                    | Keppendur mega vera með 2 teygjur í hárinu (í tagli).  | Art.2 – contestanst nr.6             |
| 3                    | Þjálfarar mega vera með höfuðfat trúarlegs eðlis, sbr. það sem dómara mega vera með.   | Art.2 – coaches                      |
| 4                    | Nánar skilgreint, að keppandi sem fær kiken, fær ekki að keppa meira í þeim flokki.  | Art.3 – nr.3                         |
| 5                    | Atoshi Baraku er núna 15 sekúndur.   | Art.5 – nr.3                         |
| 6                    | Ný regla kynnt, „fyrsta stig skorað“ (SENSHU). Ef stig eru jöfn í enda viðureignar, vinnur sá keppandi sem hefur skorað fyrsta stig.   | Art.7                                |
| 7                    | Flokkur 2 bannað athæfi fyrir Aðgerðarleysi (passivity) – Atoshi Baraku breytt í 15 sekúndur.  | Art.8 – C2 nr.5                      |
| 8                    | Nánari skilgreining á að keppandi sem er úrskurðaður Kiken, getur ekki tekið þátt í flokknum (eins og í reglu nr.3).   | Art.10                               |
| 9                    | Þegar keppandi fellur (er niðri), þá á Aðaldómari að kalla strax til lækni og hefja strax talningu upp á 10 með því að gefa talningu til kynna með fingrum. Tímavörður stöðvar klukkuna á hefðbundin máta. | Art.10 – nr.7                        |
| 10                   | Skilgreining á valdi Aðaldómara til að fjarlægja þjálfara eða hvern annan af keppnissvæði, sem ekki hegðar sér eða veldur truflunum á meðan viðureign á sér stað.  | Art.12 – Referees nr.15 og expl.nr.X |
| 11                   | Keppendur eiga að hefja viðureign á miðri skilgreindri dýnu (sem er snúið við).  | Art.13 – nr.2                        |
| <b>KATA REGLUR</b>   |  |                                      |
| 12                   | Dýnum sem snúið er við í kumiteviðureign, skal snúið aftur við fyrir kata, svo völlurinn sé samlita.   | Art.1 – nr.3                         |
| 13                   | Nánari skilgreining á Kiken, keppandi/lið sem mætir ekki og fær Kiken, getur ekki keppt frekar í viðkomandi flokki. (eins og regla nr.3 og nr.10 í kumitehlutanum).  | Art.3 – nr.7                         |
| 14                   | Að nota „leg scissor“ tækni í átt að hálsi, í bunkai, er bætt við sem ástæðu fyrir frávisun frá keppni.  | Art.5 – vísað frá keppni nr.7        |
| 15                   | Að trufla dómara með því að hreyfa sig um á keppnissvæði meðan hinn keppandinn framkvæmir kata, er bætt við sem villu.   | Art.5 – villur nr.g)                 |
| 16                   | Nánari skilgreining á Kiken, að keppandi er vísað frá frekari keppni í viðkomandi flokki. Ásamt skýringu á því hvernig Aðaldómari sýnir merki um Kiken.  | Art.6 – nr.6 og nr.7                 |

| <b>VIÐAUKAR</b> |  |                   |
|-----------------|--|-------------------|
| 17              | Atoshi Baraku er breytt í 15 sekúndur (Kumite reglur nr.5).  | App.1 – Orðaforði |
| 18              | Orðinu „SENSHU“ fyrir „fyrsta stig skorað“ bætt við.   | App.1 – Orðaforði |
| 19              | Nánari skilgreining á því hvernig Kiken er gefið til kynna.  | App.1 – Orðaforði |
| 20              | Nánari skilgreining á refsingu sem getur verið gefin fyrir að gera sér upp meiðsli þegar stiggefandi tækni á sér stað. Orðin „Að gera sér upp meiðsli eða ýkja þau“ er breytt yfir í „Að gera sér upp meiðsli“ (því að ef tækninni er vel stjórnað, þá eru engin meiðsli til að ýkja). | App.3             |